

# Veiðarfæranemar auka skilvirkni fiskveiða




ICELAND FISHING  
EXPO 2025  
Sjávarútvegur 2025

„Marport á Íslandi er leiðandi í vörubrún og framleiðslu á veiðarfæranemum. Við erum í góðu sambandi við skipstjórnendur á Íslandi í okkar þróunarstarfi og búnað frá Marport er að finna í vel flestum tog- og uppsjávarfiskiskípum á Íslandi,” segir Vilhjálmur Hallsson, sölustjóri Marport, en fyrirtækið hefur frá stofnun árið 1996 helgað sig þróun veiðarfæranema sem notaðir eru í fiskiskípum á Íslandi og víða um heim. Marport kynnir framleiðslu sína á sýningunni Sjávarútvegur 2025 í Laugardalshöll og fá gestir í bás fyrirtækisins að fræðast um það nýjasta sem það hefur að bjóða og nýjungar sem væntanlegar eru á komandi ári.



■ Vilhjálmur Hallsson, sölustjóri Marport.



■ Fjölgeislanemi á fótreiði togveiðarfæranema hefur t.d. nýst afar vel á uppsjávarveiðum, ekki sist á silðveiðum.

## Skilvirkar veiðar skipta öllu máli

Nokkrar breytingar urðu hjá Marport um síðustu áramót en Vilhjálmur tók þá við starfi sölustjóra um en hann starfaði sem tæknimaður hjá fyrirtækinu um margra ára skeið. Á sama tíma-

punkti létu feðgarnir Óskar Axelsson og Axel Óskarsson af störfum hjá Marport en Óskar stofnaði fyrirtækið á sínum tíma.

„Þetta voru að sönnu talsverð tímamót í okkar sögu enda fáir með viðlíka reynslu og Óskar í þróun og framleiðslu nemabúna-



■ Trident fjölgeislaneminn í Marport Pro línunni.

fólks sem hefur mikla reynslu á þessu sviði og sumir tæknimanna okkar hafa unnið í fyrirtækinu frá upphafi. Hér eftir sem hingað til leggjum við áherslu á öfluga vörubrún í nemabúnaði enda eru þessi kerfi eitt mikilvægasta hjálpartæki skipstjórnenda til árangursríkra fiskveiða.

Markmið allra, hvort heldur það erum við sem framleiðendur búnaðar, skipstjórnendur eða útgerðir er að auka hagkvæmni fiskveiða. Skilvirkar veiðar skipta öllu máli,” segir Vilhjálmur.



## Tvöföld rafhlöðuending í nýrri pokasjá

Veiðarfæranemar Marport eru notaðir bæði í botntrollsveiðum og flottrollsveiðum. Stærstu breytingarnar á síðustu árum eru betri tengingar milli skipa og nemanna á veiðarfærunni í sjó sem gerir að verkom að skipstjórnendur fá í rauntíma skýrari upplýsingar um hvað er að gerast í og við veiðarfærið.

„Pokasjá Marport kom fram fyrir nokkrum árum og ný kynslóð hennar er nú komin með tvöfaldrá rafhlöðuendingu. Upplýsingar úr þessum nema eru líka orðnar skýrari og betri og við heyrum til dæmis að skipstjórnarækjueiðiskipa tala um miklar framfarir.”

■ Pokasjain gefur skipstjórnendum miklar upplýsingar í rauntíma. Ný uppfærsla er komin af þessum nema.

aðar. Hans þáttur í uppbyggingu Marport er því ómetanlegur en áfram búum við hins vegar að því að vera með öflugt teymi starfs-

## Daglegar fréttir

af íslenskum sjávarútvegi

[audlindin.is](http://audlindin.is)

AUÐLINDIN

Auglýsingasími 898 8022  
Inga@ritform.is

## Fiskeldi

# TREFJAR

[trefjar.is](http://trefjar.is)



## Veiðarfæranemar nú líka í dragnótinni

Annar veiðarfæranemi sem Vilhjálmur nefnir sérstaklega er svokallaður trident fjölgeislanemi á fótreiði sem nýttist vel í uppsjávarveiðum.

„Nýjasta uppfærsla þessa nema hefur verið að koma vel út á silðveiðum en gjarnan fer silðin niður undir botninn yfir nóttina með trident nemanum sér skipstjórinn hve nálægt veiðarfærið botninum en einnig hvort innkoman sé meiri í bak eða stjórn og getur þá brugðist við því.”

Vilhjálmur segir að Marport muni kynna á sýningunni ýmsar aðrar nýjungar sem eru í farvatninu og munu koma fram á næsta ári.

„Tæknipróunin stoppar aldrei og lyklatríði er að fylgja henni eftir. Það vita þeir sem þekkjá til okkar búnaðar. Tæknipróunin opnar líka ný tækifæri fyrir okkur og dæmi um það er notkun veiðarfæranema á dragnótveiðum. Þetta er nýjung og er að koma mjög vel út hjá þeim sem eru byrjaðir að nota nema frá okkur á dragnótveiðum. Fram að þessu höfum við fyrst og fremst unnið með nemakerfi fyrir botn- og flottroll. Það eru því alltaf spennandi verkefni hjá okkur,” segir Vilhjálmur.